

Gagnsæisskýrsla SÍK vegna ársins 2024

SÍK - Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda er aðili að IHM og annast úthlutun á IHM réttindatekjum til framleiðenda kvikmyndaðs efnis á Íslandi. Stjórn SÍK staðfesti úthlutnarreglur fyrir úthlutanir á árinu 2023, byggðar á lögum sambandsins og í samræmi við reglugerð menningarmálaráðuneytis. SÍK endurskoðaði úthlutunarreglur SÍK í nóvember 2024 en úthlutaði á árinu 2023 eftir eldri reglum. Báðar má finna í C hluta þessa skjals.

A hluti þessa skjals gerir upp úthlutanir sem fram fóru á árinu 2024. B hluti þessa skjals lýsir almennum úthlutunum hjá SÍK, C hluti eldri og nýjum úthlutnarreglum byggðar á lögum SÍK og settum af stjórn SÍK. Þessi skýrsla í heild sinni myndar lið 4 í lögum félagsins um dagskrá Aðalfundar SÍK.

A. IHM útgreiðslur 2024

1. Úthlutun 2024 vegna IHM tekna 2022:

SÍK fékk greiðslu frá IHM upp á 9.954.899 kr. í ársbyrjun 2024. SÍK úthlutaði 75% af þessari upphæð, samtals 7.466.166 kr. þann 22.01.2024 til þeirra sem höfðu sótt um og fengið úthlutað við auglýsingu vegna ársins 2022. (sjá Gagnsæisskýrslu fyrir 2023). SÍK úthlutaði síðan kr. 6.512.606 í lok maí og 3.726.538 í lokaúthlutun vegna ársins 2022 þann 7. júní 2024 byggt annars vegar á greiðslum frá IHM og síðan lokauppgjöri vegna 2022. Lokauppgjörin var úthlutað að nær öllu leiti.

Úthlutanir 2024 v. 2022 og 2023	v. Árs	Innb.	Úthlutað	SÍK	Hlf. SÍK
Úthl. 1 - 22.01.2024	2022	9.954.889	7.466.166	2.488.723	25%
Úthl. 2 - 31.05.2024	2022	8.683.474	6.512.605	2.170.869	25%
Úthl. 3 - 07.06.2024	2022	3.977.137	3.726.538	250.599	6%
Úthl. 4 - 23.09.2024	2023	36.270.000	28.265.357	8.004.643	22%
Úthl. 5 - 19.12.2024	2023	12.557.078	9.417.806	3.139.272	25%
		71.442.578	55.388.472	16.054.106	78%
Úthlutnarkostnaður				1.341.554	
Samtals úthlutað og kostnaður				56.730.026	
Hlutfall til SÍK af IHM greiðslum				20,6%	

Samtals voru 71.442.578 kr. greiddar inn til SÍK frá IHM sem úthlutaði samtals 55.388.472 sem nam 78% af innborgunum. Að teknu tilliti til kostnaðar, þá nam hlutfall SÍK af innborgunum 20,6%.

Úthlutanir voru auglýstar í skjáauglýsingum á RÚV, með vefborðum á Klapptre.is, á vefsíðu SÍK og Facebook síðu SÍK, auk þess sem sendur var fréttapóstur á aðildarfélög SÍK.

Alls sóttu 34 framleiðendur um greiðslur vegna ársins 2023.

Gallup hefur undanfarin ár komið að vinnslu gagna hvað varðar áhorf (Ratings). Hinsvegar er svo komið að Gallup mælir eingöngu áhorf á RÚV og var sú þjónusta keypt af þeim eins og endranær. Viðskiptastjóri og gjaldkeri SÍK fengu aðgang að gagnagrunnum Símans og Stöðvar 2 og báðir aðilar brugðust vel við beiðnum um aðstoð. Vinna að úrvinnslu gagna og umsókna sem var á endanum í höndum gjaldkera SÍK og var greitt sérstaklega fyrir þá vinnu, eins og fyrri ár.

Tekið var tillit til kæru sem upp kom eftir fyrstu úthlutun vegna 2023 og jókst því úthlutun um 1.063.159 kr. eftir fyrstu úthlutun.

B. IHM úthlutun SÍK – almenn lýsing úthlutuna

SÍK - Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda annast úthlutun á IHM réttindatekjum til framleiðenda kvikmyndaðs efnis á Íslandi. Stjórn SÍK hefur sett úthlutnarreglur byggða á lögum sambandsins og í samræmi við reglugerð menningarmálaráðuneytis. Þetta skjal lýsir í grófum dráttum ferlinum við úthlutun tekna sem SÍK tekur við frá IHM, byggðum á útreikningi þeirra og í hlutfalli við gerðardóm um skiptingu milli aðildarfélaga IHM frá 2022.

1. Hlutfallsskipting tekna

IHM tekjur sem SÍK tekur við eru annars vegar tekjur byggðar á 11. grein laga um IHM og hinsvegar tekjur sem koma vegna svokallaðra kapaltekna sem SÍK deilir hlut erlendra framleiðenda með AGICOA. Að öllu jöfnu tekur SÍK við greiðslum frá IHM á síðari hluta hvers árs og stefnt skal að því að útgreiðsla fari fram sem fyrst á nýju ári eftir að greiðslur hafi borist.

SÍK tekur frá 25% af greiðslum IHM til að setja í varasjóð gegn framtíðarkröfum sem upp kunna koma vegna almennra úthlutuna, greiða lögfræðikostnað vegna reksturs og þátttöku í IHM og höfundarréttartengdum nefndum og málum, greiða allan kostnað af úthlutunum og greiða kostnað sem SÍK hefur vegna úthlutuna, auk hlutar í rekstrarkostnaði SÍK.

2. Auglýsingar um úthlutun

SÍK auglýsir eftir umsóknum um úthlutun með skjáauglýsingum á RÚV, auk þess að nýta rafræna miðla, tölvupóst og annað til að koma skilaboðum til framleiðenda, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki eru aðilar að SÍK eður ei. Á vefsvæði SÍK eru úthlutnarreglur aðgengilegar, ásamt umsóknareyðublaði til að fylla út af umsækjendum, sem sjálfir þurfa að leita staðfestingar sjónvarpsstöðva og útsendingaraðila á útsendingu verkanna á tilteknum dögum. Gefa skal rúman tíma frá auglýsingu og að lokadegi innsendinga. Einnig skal leitast við að senda þeim sem hafa fengið úthlutanir sl. ár tölvupóst um úthlutanir viðkomandi árs. Viðskiptastjóri SÍK hjá SI stýrir þessum fasa og tekur við umsóknum á netfangið SIK@SI.IS



Umsóknarfrestur er til 27. ágúst. Nánari upplýsingar, úthlutunarreglur og umsóknareyðublað eru á vefsíðu SÍK producers.is



Umsóknarfrestur er til 27. ágúst 2024. Nánari upplýsingar á producers.is



3. Úrvinnsla gagna

SÍK ræður aðila til að vinna úr umsóknum, meta stig hvarrar myndar eftir stigagjöf sem er ákveðin í úthlutunarreglum, reikna upp áhorf úr niðurhalsstólum sem Stöð 2 og Síminn láta SÍK í té og fá Gallup til að finna áhorfstölur úr áhorfsmælingum Gallup. Í mat á áhorfi niðrhals á Stöð 2 og Símanum skal miðað við að einn áhorfandi sé og að baki hverju prósentu í „Ratings (Rtgs)“ liggja 2.650 niðrhöl.

A. Umsóknarskjal

Gert er Exelskjal til útfyllingar af umsóknaraðilum þar sem eftirfarandi upplýsinga er krafist:

Reikningsnúmer:	Kennitala:	Símanúmer:	Netfang:	Tengiliður:				
Nafn á verki (hver þáttur ef fleiri en einn)	Framleiðsluár	Eigandi framleiðsluréttar	Hluttur eiganda (í %)	Sýningar dagar/dagur dd.mm.2021	Sjónvarpsstöð	Tegund verks	Lengd í mínútum	

B. Viðbótarupplýsingar sem þriðju aðilar bæta við eru eftirfarandi:

Vægi	Stig	Síminn / S2	Rtg % Gallup	Gildi	Heildarinnægn	Samtals útborgun
------	------	-------------	--------------	-------	---------------	------------------

C. Útreikningar

Á þennan hátt myndast grunnur yfir öll verk sem sótt hefur verið um eru undir á viðkomandi ári og í hlutfalli við heildarupphæð til úthlutnar reiknast hlutur viðkomandi í heildarupphæð úthlutnar sem er samtals úthlutun

Hluttur eiganda (í %)	Lengd í mínútum	Vægi	Stig	Síminn / S2	Rtg % Gallup	Gildi	Heildarinnægn	Samtals útborgun
100%	104	10	1040		0,8	806,0	42.014	
50%	102	10	1020		2,2	1.139,9	59.417	
100%	43	3	129		0,1	12,9	672	

100%	35	3	105		0,3	31,5	1.642	
100%	44	3	132		0,2	26,4	1.376	
								105.122

4. Útborgun

Útborgun skal fara fram sem fyrst eftir að aðilar hafa skilað af sér útgreiðslugögnum og formaður og gjaldkeri SÍK hafa samþykkt útreikninga úthlutunar.

C. Úthlutunarreglur SÍK (úthlutað eftir á árinu 2024)

Frá og með IHM tekjum ársins 2009 skal, einu sinni á ári, úthlutað eftir sjónvarpsáhorfsmælingum Capacent Gallup fyrirtækisins (eða annars sambærilegs fyrirtækis) sem fengið verður til þessa verks. Þannig verður heildaráhorf á efni frá sjálfstæðum framleiðendum mælt í mínútum og sjötíu og fimm prósent (75%) af IHM tekjum ársins skipt á milli framleiðenda í því hlutfalli sem þeir eiga af áhorfi á viðkomandi ári. Gallup mælir og metur bæði áhorf á línulegar og innlendar streymisveitur sem deila áhorfsupplýsingum með Gallup.

Rétthafar gagnvart úthlutun IHM tekna, sem SÍK berast, skulu allir vera sjálfstæðir framleiðendur sem framleitt hafa eigin íslensk kvikmyndaverk (án tillits til aðildar að SÍK) og gera kröfu um úthlutun til sín samkvæmt auglýsingum frá SÍK um væntanlegar úthlutanir IHM tekna.

Eftirfarandi stigatafla skal vera til viðmiðunar við útreikning á greiðslum:

Leikin kvikmynd sýnd í kvikmyndahúsi, hver mínúta gefur	10 stig
Leikið sjónvarpsefni, hver mínúta gefur	5 stig
Leikin heimildarmynd, hver mínúta gefur	3 stig
Aðrar heimildarmyndir, hver mínúta gefur	2 stig
Sápuóperur, hver mínúta gefur	1 stig

Ekki er greitt fyrir

- Verk sem fjalla um atburði líðandi stundar.
- Kynningarmyndir. Þar með taldar kynningarmyndir um gerð kvikmynda (enda gerðar í kynningarskyni)
- Kennslu- og fræðsluefni.
- Umræðu- og spjallþætti

Tuttugu og fimm prósent (25%) IHM tekna SÍK verði varðveittar á hávaxtareikningi í varasjóði til að mæta mögulegum framtíðarkröfum á hendur félaginu vegna skiptingar IHM tekna og/eða vegna almenns rekstrarkostnaðar og lögfræðilegra aðgerða sem talið getur verið nauðsynlegt að SÍK ráðist í. Í varasjóði þessum skal, á hverjum tíma, þó aldrei vera hærri fjárhæð en sem nemur uppsafnaðri tekjuhlutdeild hans síðustu fjögurra undanfarinna ára. Verði um umframhlutdeildar-tekjur að ræða samkvæmt framansögðu skal þeim ráðstafað til almennrar úthlutunar til framleiðenda, skv. 2. mgr., gr. 9.2.

Að auki þá liggja fyrir eftirfarandi vinnureglur stjórnar SÍK varðandi mat á úthlutun:

1. Leikið sjónvarpsefni er unnið eftir hefðbundnum vinnuaðferðum kvikmyndar, þ.e. fyrir liggur handrit, leikarar koma að verkinu og upptökur fara fram, ásamt hefðbundinni eftirvinnslu.
2. Verk telst vera leikin heimildarmynd þegar sviðsett eru atriði eða hluti myndar til stuðnings við umfjöllunarefni heimildarmyndarinnar. Þá sé hinn sviðsetti hluti verksins unninn sbr. lið 1. eftir því sem við á.
3. Sápuóperur eru skilgreindar sem rennslisupptaka með nokkrum tökuvélum og lágmarks eftirvinnslu. Auk þess sem yfirleitt er unnið með fáar eða sömu leikmyndirnar í öllum eða flestum þáttum.
4. Undir verk sem fjalla um atburði líðandi stundar flokkast íþróttaefni, skemmtiþættir og fréttþættir hverskonar.
5. Ekki er úthlutað vegna þátta sem byggðir eru upp sem “sketsar” í kringum útsendingu á öðru efni, sbr. barnaþætti, þar sem meginuppistaðan er erlent efni, en innslögum og kynningum blandað á milli.
6. Ekki er úthlutað vegna svokallaðra “format” þátta sem unnir eru samkvæmt leyfi (“format license”) frá þriðja aðila, enda liggur höfundaréttur að þeim þáttum ekki hjá framleiðenda.
7. Sjálfstæður framleiðandi sem á rétt að viðkomandi verki fær greitt í hlutfalli af eignarhlut sínum í verkinu. Leiki vafi á eignarhlut framleiðenda, getur stjórn SÍK kallað eftir samningum um verkið til sönnunar á eignahlut.
8. Íslenskir meðframleiðendur á verkum, sem eru að stærstum hluta erlend, en eiga allan rétt á Íslandi, fá úthlutað fyrir viðkomandi verk svo sem um íslenskt verk væri að ræða. Slíkir meðframleiðendur ábyrgjast gagnvart SÍK að þeir hafi heimildir til þess að taka við úthlutun samkvæmt framangreindu frá meðframleiðendum sínum og/eða muni gera upp við þá komi til þess.
9. Framleiðandi, sem unnið hefur verk sem verktaki annars aðila, á ekki rétt til úthlutunar vegna slíkra verka.
10. Umsóknaraðili ber ábyrgð á réttmæti og áreiðanleika allra upplýsinga og fullyrðinga sem hann byggir umsókn sína á. Ábyrgð þessi gildir bæði gagnvart SÍK (aук stjórnar og starfsmanna eða verktaka SÍK) og gagnvart þeim aðilum sem hugsanlega eiga réttmætt tilkall til úthlutunar IHM tekna vegna verks eða verka sem umsóknaraðili hefur fengið úthlutað fyrir. Umsóknaraðili hefur með því að taka við úthlutun vegna viðkomandi verks/verka samþykkt ofangreinda ábyrgð. Í þessu felst jafnframt skuldbinding hans til þess að halda SÍK (aук stjórnar og starfsmanna eða verktaka SÍK) fullkomlega skaðlausu(um) gagnvart tjóni sem hljótast kann af völdum rangra upplýsinga eða fullyrðinga umsóknaraðila.

Staðfest af stjórn SÍK 3. nóvember 2023

C. Endurskoðaðar úthlutunarreglur

Stjórn SÍK samþykkti nýjar úthlutunarreglur 7. nóvember 2024 og gilda frá og með næstu úthlutun vegna 2024:

Úthlutun og skipting tekna frá Innheimtumiðstöð gjalda (IHM)

Frá og með IHM tekjum ársins 2009 skal, einu sinni á ári, úthlutað eftir sjónvarpsáhorfsmælingum Capacent Gallup fyrirtækisins eða annars fyrirtækis sem fengið verður til þessa verks. Þannig verður heildaráhorf á efni frá sjálfstæðum framleiðendum mælt í mínútum og sjötíu og fimm prósent (75%) af IHM tekjum ársins skipt á milli framleiðenda í því hlutfalli sem þeir eiga af áhorfi.

Rétthafar gagnvart úthlutun IHM tekna, sem SÍK berast, skulu vera allir sjálfstæðir framleiðendur sem framleitt hafa eigin íslensk kvikmyndaverk (án tillits til aðildar að SÍK) og gera kröfu um úthlutun til sín samkvæmt auglýsingu(m) frá SÍK um væntanlegar úthlutanir IHM tekna.

Eftirfarandi stigatafla skal vera til viðmiðunar við útreikning á greiðslum:

Leikin kvikmynd sýnd í kvikmyndahúsi, hver mínúta gefur	10 stig
Leikið sjónvarpsmynd, hver mínúta gefur	5 stig
Heimildamynd sýn í kvikmyndahúsi, hver mínúta gefur	5 stig
Heimildamyndir og heimildapættir, hver mínúta gefur	3 stig
Barnaefni í öllum flokkum gefur tvö auka stig.	

Ekki er greitt fyrir

- Verk sem fjalla um atburði líðandi stundar.
- Kynningarmyndir. Þar með taldar kynningarmyndir um gerð kvikmynda (enda gerðar í kynningarskyni)
- Kennslu- og fræðsluefni.
- Umræðu- og spjallþætti
- VOD-leiga (TVOD)

Tuttugu og fimm prósent (25%) IHM tekna SÍK verði varðveittar á hávaxtareikningi í varasjóði til að mæta mögulegum framtíðarkröfum á hendur félaginu vegna skiptingar IHM tekna og/eða vegna almenns rekstrarkostnaðar og lögfræðilegra aðgerða sem talið getur verið nauðsynlegt að SÍK ráðist í. Í varasjóði þessum skal, á hverjum tíma, þó aldrei vera hærri fjárhæð en sem nemur uppsafnaðri tekjuhlutdeild hans síðustu fjögurra undanfarinna ára. Verði um umframhlutdeildar-tekjur að ræða samkvæmt framansögðu skal þeim ráðstafað til almennrar úthlutunar til framleiðenda, skv. 2. mgr., gr. 9.2.

Að auki þá liggja fyrir eftirfarandi vinnureglur stjórnar SÍK varðandi mat á úthlutun:

1. Leikin sjónvarpsmynd er unnin eftir hefðbundnum vinnuaðferðum kvikmynda, þ.e. fyrir liggur handrit, leikarar koma að verkinu og upptökur fara fram, ásamt hefðbundinni eftirvinnslu. Þetta er óháð efninu sem myndin kann að fjalla um, enda ekki hlutverk SÍK að leggja mat á efnisinnihald
2. Gjaldgengar eru einnig stuttmyndir, leiknar eða heimildamyndir. Stigagiöf er í samræmi við stigatöflu
3. Undir verk sem fjalla um atburði líðandi stundar flokkast íþróttæfni, skemmtipættir, fréttapættir og dagskrárgerð hverskonar.
4. Ekki er úthlutað vegna þátta sem byggðir eru upp sem „sketsar“ í kringum útsendingu á öðru efni, sbr. barnaþætti, þar sem meginuppistaðan er erlent efni, en innslögum og kynningum blandað á milli.
5. Ekki er úthlutað vegna svokallaðra „format“ þátta sem unnir eru samkvæmt leyfi („format license“) frá þriðja aðila, enda liggur höfundaréttur að þeim þáttum ekki hjá framleiðenda.
6. Sjálfstæður framleiðandi sem á rétt að viðkomandi verki fær greitt í hlutfalli af eignarhlut sínum í verkinu. Leiki vafi á eignarhlut framleiðenda, getur stjórn SÍK kallað eftir samningum um verkið til sönnunar á eignarhlut.
7. Íslenskir meðframleiðendur á verkum, sem eru að stærstum hluta erlend, en eiga allan rétt á Íslandi, fá úthlutað fyrir viðkomandi verk svo sem um íslenskt verk væri að ræða. Slíkir meðframleiðendur ábyrgjast gagnvart SÍK að þeir hafi heimildir til þess að taka við úthlutun samkvæmt framangreindu frá meðframleiðendum sínum og/eða muni gera upp við þá komi til þess.
8. Framleiðandi, sem unnið hefur verk sem verktaki annars aðila, á ekki rétt til úthlutunar vegna slíkra verka.
9. Umsóknaraðili ber ábyrgð á réttmæti og áreiðanleika allra upplýsinga og fullyrðinga sem hann byggir umsókn sína á. Ábyrgð þessi gildir bæði gagnvart SÍK (auk stjórnar og starfsmanna eða verktaka SÍK) og gagnvart þeim aðilum sem hugsanlega eiga réttmætt tilkall til úthlutunar IHM

tekna vegna verks eða verka sem umsóknaraðili hefur fengið úthlutað fyrir. Umsóknaraðili hefur með því að taka við úthlutun vegna viðkomandi verks/verka samþykkt ofangreinda ábyrgð. Í þessu felst jafnframt skuldbinding hans til þess að halda SÍK (auk stjórnar og starfsmanna eða verktaka SÍK) fullkomlega skaðlausu(um) gagnvart tjóni sem hljótast kann af völdum rangra upplýsinga eða fullyrðinga umsóknaraðila.

Staðfest af stjórn SÍK 7. nóvember 2024

D. Liður 4 í dagskrá aðalfundar SÍK

4. Þessi skýrsla er gagnsæisskýrsla SÍK vegna IHM úthlutuna fyrir árið 2024 og í samræmi við lið 4 í dagskrá Aðalfunda SÍK.
5. Almenn stefna SÍK er að úthluta sem allra fyrst greiðslum sem það tekur við frá IHM til rétthafa.
6. SÍK heldur eftir 25% af innborgunum frá IHM til að mæta úthlutunarkostnaði, framtíðar kröfum vegna úthlutuna, lögfræðikostnaðar vegna vinnu við IHM, varasjóði og hluta rekstrarkostnaðar SÍK. Á árinu 2024 nam úthlutun 78% af greiðslum frá IHM og að teknu tilliti til úthlutunarkostnaðar, heldur SÍK eftir 20,6% af greiðslum frá IHM.
7. SÍK hefur haft til umráða viðskiptareikning og sparnaðarreikning í viðskiptabanka. Sparnaðarreikningurinn ber hærri vexti og markmiðið með honum að fé sem ekki þarf að nýta fái þar betri ávöxtun. Á árinu 2024, námu vaxtatekjur SÍK 2.537.313 og greiddi SÍK 558.209 í fjármagnstekjuskatt.
8. Notkun óráðstafanlegra fjárhæða. Slíkar fjárhæðir eru verulega sjaldgæfar hjá SÍK því úthlutað er eftir umsóknum og tilteknum árum. Hjá SÍK nemur heildarupphæð slíkra óráðstafanlegra fjárhæða kr. 506.175 kr. og tengist uppgjöri vegna niðurstöðu gerðardóms fyrir árin 2016-2020 sem var greitt til SÍK árið 2022.

Samþykkt af stjórn SÍK á stjórnarfundi 6. febrúar 2025

Hraun Kristjánsdóttir
Arnar Þóris
Hanna Björk Valsdóttir
Arnur B. Kristjánsson
Arnar Magni Svansson